

Alþingi
Erindi nr. P 137/416
komudagur 25.6.2009



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24.06.2009
Tilv. 006/2009
HP

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 155—118.
mál.**

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi
atfugasemdir við III. Kafla, 4. grein frumvarpsins:

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er tilgangur þessara breytinga *almenn
tekjuöflun fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum*.

Lýðheilsustöð telur brýnt að við skattbreytingar sem þessar séu manneldis- og
tannheilsusjónarmið lögð til grundvallar. Lýðheilsustöð styður gjaldtöku á gos- og
svaladrykki, að meðtöldum íþrótt- og orkudrykkjum, óháð því hvort þeir innihalda sykurlaugar
eða sæuefni, til að leiðrétta þá miklu verðlækkun sem varð á umræddum vörum með lækkun
virðisaukaskatts og afnámi vörugjalda árið 2007.


Miðil neysla sykraðra gos- og svaladrykkja hefur verið tengd við aukna tíðni ofþyngdar og
offitu auk þess sem sykurlaugar skemmir tennurnar. Í gos- og svaladrykkjum eru að auki
ávaxtasýrur og rotvarnarsýrur sem geta leyst upp glerung tannanna.


Lýðheilsustöð leggur hins vegar mikla áherslu á að ósætir vatnsdrykkir án ávaxtasýru verði
undirþegnar lækkun virðisaukaskatts þannig að hollari kosturinn verði ódýrari en samkvæmt
frumvarpsdrögum stendur til að hækka virðisaukaskatt á þeim. Einnig telur Lýðheilsustöð
eðlilegt að skattur á hreina ávaxta- og grænmetissafa verði ekki hækkaður heldur verði þessar
vörur áfram í lægra þrepi virðisaukaskatts þar sem eitt glas af hreinum ávaxtasafa á dag getur
verið hluti af hollu mataræði.


Hvoru tveggja er í samræmi við ályktun manneldisráðs um þetta efni, en það er fagrað
Lýðheilsustöðvar á sviði manneldismála.

Þegar umræða um sykurlaugar hófst á ný í vor þá lagði Lýðheilsustöð, eins og áður kemur
fram, áherslu á að leiðrétt yrði sú lækkun sem varð á gjöldum á gosdrykki árið 2007. Í þessu
frumvarpi er hins vegar um mun almennari aðgerðir að ræða, þar sem skattur verður
hækkaður á mun fleiri sykraðar vörur. Bent skal á að ákveðin mótsögn felst í því að hækka
gjöld á sætu kexi og kökum en ekki á deigi og blöndum til framleiðslu slíkra vara (kafla 19).
Sömu leiðis er morgunkorn (kafla 18) undanskilið lækkun gjalda en sætt morgunkorn eins og
þar um ræðir er oft meira í líkingu við sælgæti en hollan mat.

Lýfiheilsustöð telur hins vegar ekki eðlilegt að hækka gjöld á vörum sem ætlaðar eru séríðpum sem þurfa vegna sjúkdóma, t.d. mjólkurofnæmis (sojamjólk) eða glútenþóls, að vel a ákveðnar vörur en samkvæmt frumvarpinu á að gera það.


Hólmfríður Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri næringar


Dóra G. Guðmundsdóttir
forstjóri


Hólmfríður Guðmundsdóttir
tani læknir